


## Að fá afrit af dagatalsfærslum (viðburðum) úr Moodle í Outlook dagatalið:

Byrjaðu á því að fara á svæði til vinstri á forsíðunni í Moodle sem nefnist **Stikla** og smelltu á **Dagatal**:



Farðu neðst á síðuna sem þá opnast og smelltu á **Flytja út dagatal**:




Þar er hægt að velja um tvær leiðir:

1. Að flytja vefslóð inn í Outlook dagatalið
2. Að flytja skrá inn í Outlook dagatalið


Ég er búin að prófa hvoru tveggja en sé í fljótu bragði ekki muninn, sýni því báðar leiðir hér.

Leið 1: Að flytja vefslóð inn í Outlook dagatalið


Smelltu á **Birta vefslóð dagatals** (vefslóðin kemur oftast sjálfkrafa. Veldu vefslóðina og afritaðu (copy) hana:




Opnaðu dagatalið þitt í Outlook:




Og veldu **Open Calendar** og smelltu á **From Internet** á felliglugganum sem þar kemur niður:




Límdu (paste) svo slóðina í þar til gerðan glugga og smelltu á **OK**:




Birtist þá dagatalið úr Moodle (grænt) við hliðina á dagatalinu sem var þar fyrir (blátt):



Það er í lagi að loka Moodle-dagatalinu með því að smella á krossinn eins og sýnt er hér:




Því hægt er að kalla það fram aftur með því að smella á nafn þess á hliðarstikunni til vinstri:




## Leið 2: Að flytja skrá inn í Outlook dagatalið:


Í stað þess að smella á **Birta vefslóð dagatals**, er smellt á **Flytja út**:




Opnast þá neðst á skjánum valmynd þar sem boðið er að vista skrána:



Farðu síðan í dagatalið í Outlook og veldu **File** og **Open** og smelltu síðan á **Open Calendar**:



Þar þarf að velja skrána sem sótt var í Moodle og smella svo á **OK**:



Og birtist þá skráin á sama hátt og fyrr.

Meira um þetta er hér:

[http://docs.moodle.org/22/en/Using\\_Calendar#Subscribing\\_to\\_a\\_calendar\\_in\\_Outlook\\_2007](http://docs.moodle.org/22/en/Using_Calendar#Subscribing_to_a_calendar_in_Outlook_2007) .Ég f

Gangi þér vel!

Júní 2012/SK